


FRÆÐSLA OG LEIÐBEININGAR ÖRYGGI VIÐ HÍFINGAR Í SKIPUM



ALGENG ORSÖK SLYSA

Slysa sem verða við hífingar eru oftast mjög alvarleg.

Algeng orsök slysa er;

- augnabliks aðgæsluleysi eða fljótfærni
- óljósar eða misskildar skipanir eða bendingar
- persónuhlífar ekki notaðar
- bilun í búnaði

HÆTTUR

Við hífingar leynast margar hættur. Sem dæmi um þær helstu má nefna:

- Stjórnandi hífibúnaðar fær rangar eða óljósar skipanir eða bendingar.
- Tekið er í ranga stjórnarma.
- Sláttur á hlassi.
- Sláttur á hífibúnaði.
- Hlass fellur niður.
- Slæmur frágangur á stroffum og hanafótum.
- Híft með biluðum búnaði.
- Viðhald á búnaði er ófullnægjandi.

Sýnum fyrirhyggju og sérstaka aðgæslu þar sem hífingar fara fram.

FORVARNIR

Til að tryggja betur öryggi við hífingar þarf t.d. að:

- sýna ávallt sérstaka aðgæslu við hífingar
- nota persónuhlífar, s.s. öryggishjálma
- nota staðlaðar bendingar og skipanir
- ganga úr skugga um að eingöngu þjálfað fólk vinni við stjórnun hífibúnaðar
- viðhalda merkingum stjórnþúnaðar
- stuðla að því að vel sjáist frá stjórnþækjum yfir vinnusvæði
- hafa í huga að eftirlitsmyndavélar bæta yfirsýn
- hafa í huga að fjarskiptabúnaður bætir samskipti milli vinnusvæða
- hafa reglubundið eftirlit og viðhald á hífibúnaði, þ.m.t. ástandi stroffa, víra, króka, lása, blakka og hemla
- gæta þess að standa ekki í átaks-/skotlínu víra sem átak er á
- vera í öruggri fjarlægð frá hlassi
- ganga alltaf þannig frá hlassi að það haldist í jafnvægi meðan híft er
- handleika ekki víra og búnað sem er á hreyfingu




STYRKLEIKI BÚNAÐAR

Þegar keyptir eru hlutir í veiðarfæri eða hífibúnað, s.s. vírar, tóg, keðjur, blakkir, lásar og krókar, skal í öllum tilvikum fara fram á upplýsingar um styrkleika búnaðar. Brotþol efnis og öruggt vinnuálag (S.W.L.) skal vera þekkt og ætti ávallt að fá vottorð framleiðanda með hlutunum. Álag á efni á aldrei að vera meira en sem nemur öruggu vinnuálagi. Fari álag umfram öruggt vinnuálag styttest endingartími búnaðar margfalt. Notum eingöngu öruggan hífibúnað.

Teikningar: J.Lúistó

FRH. ÖRYGGI VIÐ HÍFINGAR Í SKIPUM



SKIPTUM UM ÓTRAUSTA HLUTI

Nauðsynlegt er að hafa reglubundið eftirlit með öllum hífibúnaði og skipta strax út ótraustum hlutum. Kynnið ykkur hvernig á að meta ástand hífibúnaðar.

Skipta skal um stálvír t.d. þegar:

- þvermál vírs hefur einhvers staðar minnkað um 10% vegna slits
- þvermál þráðar hefur slitnað niður í 1/3 af upphaflegu þvermáli
- brotnir þræðir eru einhvers staðar fleiri en 10 á lengd sem er jöfn stigningu vírs
- hert hefur verið að snurðu sem komið hefur á vírinn
- vírinn er orðinn flatur eða kantaður þrátt fyrir að ekki sé um þráðabrot að ræða
- margir þræðir í sama þætti eru aflagaðir
- einn þáttur hefur losnað út úr vírnum og slaki er á honum
- vírinn er hlykkjóttur þegar ekki er átak á honum
- vírinn er skemmdur af ryði þótt þræðir séu ekki brotnir

Tóg skal dæma ónothæft t.d. þegar:

- tógið hefur skaðast (skorist) á skörpum brúnum
- garnið í einum þætti er slitið
- þáttur hefur losnað og teygst þannig að hann fellur ekki þétt að öðrum þáttum
- tógið er farið að þorna eða molna
- tógið er með bruna- eða ætingarblettum eða hefur hitnað mikið
- tógið hefur teygst og auðsjáanlega grennst

Athugið að tóg getur tapað styrkleika hafi það verið óvarið fyrir UV geislum (sólarljósi) í langan tíma.

FRH. ÖRYGGI VIÐ HÍFINGAR Í SKIPUM

4

LEIÐBEININGAR UM ÖRYGGI VIÐ HÍFINGAR Í SKIPUM

STAÐLAÐAR BENDINGAR




LYFTA

Uppréttur handleggur og visifingur upp. Hringhreyfing með hendinni.



SLAKA

Handleggur niður á við, visifingur niður. Hringhreyfing með hendinni.




STYTTA BÓMU

Hringhreyfing inn á við, þumalfingur inn á við með báðum höndum.




STANS

Útréttur handlegg sveiflað fram og aftur.



NEYÐARSTOPP

Báðum handleggjum slegið út á við.



LENGJA BÓMU

Hringhreyfing út á við, þumalfingur út á við með báðum höndum.



HÆKKA BÓMU

Útréttur handleggur, þumalfingur upp.



LÆKKA BÓMU

Útréttur handleggur, þumalfingur niður á við.



TIL VINSTRI

Hægri handleggur útréttur, hendi opin.



TIL HÆGRI

Vinstri handleggur útréttur, hendi opin.



MERKIÐ EKKI SKILIÐ

Hliðarhreyfing með handlegg.

Þurfi hraðari lyftingu, slökun eða hliðarfærslu er það sýnt með hraðari handahreyfingum/handahreyfingu.

Kynnið ykkur fræðsluefni um öryggismál á vefnum www.samgongustofa.is m.a. Öryggishandbók fiskiskipa